



Vátryggingafélag Íslands hf.

01 VR Meðferð tilkynninga um misferli og vernd uppljóstrara

1 Tilgangur og markmið

Tilgangur verklagsreglunnar er að skjalfesta verklag við meðferð tilkynninga um meint misferli er snýr að starfsemi félagsins og vernd uppljóstrara. Markmiðið er að til staðar sé öruggur vettvangur fyrir starfsmenn og ytri aðila til að koma á framfæri ábendingum sem leitt geta til þess að upplýst verði um brot eða ámælisverða háttsemi sem valdið getur viðskiptavinum, félaginu og samfélaginu tjóni og dregið úr slíku háttarni.

2 Gildissvið

Verklagsreglan nær til allra starfsmanna samstæðu VÍS, sem og stjórn, verktaka og annarra hagsmunaaðila.

3 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í þessari reglu:

- **Ámælisverð háttsemi:** Háttarni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. háttarni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.
- **Góð trú:** Með góðri trú er átt við að aðili hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er réttar, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.
- **Misferli:** Brot eða tilraun til brots á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemi félagsins eða innri reglum VÍS, m.a. í því skyni að komast yfir fé eða önnur verðmæti í eigu VÍS eða annarra. Þá er jafnframt átt við hagsmunaárekstra sem valdið hafa viðskiptavinum tjóni og aðra óeðlilega viðskiptahætti.
- **Misferlisteymi innri endurskoðunar:** Teymi sem skal skipað innri endurskoðanda, regluverði og gæðastjóra félagsins í þeim tilgangi að taka við tilkynningum um meint misferli og halda utan um meðferð misferlismála og leiða innanhússrannsóknir í samræmi við verklagsregluna.
- **Starfsmaður:** Þegar fjallað er um starfsmann í reglum þessum er átt við aðila sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi samstæðu VÍS vegna hlutverks síns, þ.m.t. ráðinn starfsmaður, sjálfstætt starfandi verktaki, stjórnarmaður, starfsnemi, tímabundinn starfsmaður og sjálfboðaliði.
- **Uppljóstrari:** Einstaklingur, starfsmaður eða ytri aðili, sem gerir viðvart um hugsanlegt misferli eða ámælisverða háttsemi.

4 Hlutverk og ábyrgð

4.1 Regluvörður

Regluvörður er ábyrgðaraðili verklagsreglunnar. Regluvörður skal sjá til þess að til staðar séu fullnægjandi boðleiðir fyrir tilkynningar um meint misferli í samræmi við verklagsregluna. Þá skal regluvörður bera ábyrgð á því að starfsmenn fái viðeigandi fræðslu um verklagsreglur þessar, þær boðleiðir sem standa til boða og viti hvernig þeir eiga að bera sig að telji þeir sig hafa vitneskju eða grun um hugsanlegt misferli.

4.2 Innri endurskoðandi


Hlutverk innri endurskoðanda er að leiða misferlisteymið. Innri endurskoðandi ber ábyrgð á því að tryggja að farið sé eftir verklagsreglum þessum við meðferð mála og upplýsa forstjóra og stjórn um meðferð mála í samræmi við fyrirmæli verklagsreglnanna. Innri endurskoðandi ber jafnframt ábyrgð á því að upplýsa endurskoðunarnefnd stjórnar um ferli við móttöku tilkynninga, virkni þess o.fl.

4.3 Misferlisteymi innri endurskoðunar

Hlutverk misferlisteymis innri endurskoðunar er að móttaka allar tilkynningar sem kunna að berast um meint misferli og leiða innanhúsrannsókn veiti tilkynningar tilefni til. Misferlisteymið ber ábyrgð á utanumhaldi ferilsins og að meðferð og rannsókn mála sé í samræmi við verklagsreglu þessa.

5 Framkvæmd

5.1 Ferli tilkynninga um misferli



5.2 Tilkynningar

Aðilar með vitneskju eða grun um hugsanlegt misferli eru eindregið hvattir til að tilkynna um slíkt mál. Þrátt fyrir fyrirmæli laga, siðareglna eða samninga um þagnar- eða trúnaðarskyldu er starfsmanni sem býr yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi VÍS heimilt að miðla slíkum upplýsingum og gögnum í góðri trú til aðila sem stuðlað getur að því að látið verði af eða brugðist við hinn ólögsmætu eða ámælisverðu háttsemi.¹

Lögð er áhersla á að tilkynning sé vel rökstudd og að helstu upplýsingar komi fram í henni, s.s. hver ábendingin er, tímabil atburðar, hvar atburður átti sér stað og nánari lýsing á málavöxtum. Öll áþreifanleg sönnunargögn eru ákjósanleg en ekki nauðsynleg.

Aðilar eru hvattir til þess að koma fram undir réttu nafni en engu að síður skal ætíð stefnt að því að boðleið fyrir uppljóstrara bjóði upp á nafnlaus samskipti.

Aðilar skulu gæta þess að láta ekki viðkvæmar persónuupplýsingar um málsaðila koma fram í tilkynningu nema það sé nauðsynlegt til að lýsa meintu misferli eða ámælisverðri háttsemi.

5.3 Boðleið

Starfsmenn geta tilkynnt grun um misferli eða ámælisverða háttsemi til yfirmanns innan félagsins.

Þá geta bæði starfsmenn og ytri aðilar beint tilkynningum til innri endurskoðunar á netfangið innriendurskodun@vis.is.

¹ 2. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

Auk þess skal tryggt að á hverjum tíma sé til staðar örugg boðleið fyrir nafnlausar tilkynningar sem verndar auðkenni uppljóstrara með fullnægjandi hætti og þær upplýsingar sem fylgja tilkynningum, s.s. með dulkóðun og eyðingu lýsigagna. Þess skal gætt að boðleiðin uppfylli ákvæði persónuverndarlöggjafar um vernd og vinnslu persónuupplýsinga.²

5.4 Móttaka tilkynninga

Misferlisteymi innri endurskoðunar VÍS tekur á móti öllum tilkynningum og tekur til úrvinnslu/meðferðar. Einungis misferlisteymið skal hafa aðgang að þeim tilkynningum sem berast. Við rannsókn máls getur þó misferlisteymið þurft taka ákvörðun um að veita öðrum starfsmönnum eða utanaðkomandi sérfræðingum aðgang að einstökum tilkynningum eða afmörkuðum efnisatriðum þeirra og eru þeir þá bundnir sömu þagnarskyldu og misferlisteymið. Slík ákvörðun skal aðeins tekin ef það er talið nauðsynlegt til að ná fram vandaðri og/eða réttri úrlausn.

Staðfesta skal móttöku tilkynningar og eftir atvikum óska eftir frekari upplýsingum eða gögnum frá tilkynnanda innan 7 virkra daga. Misferlisteymið metur hvort taka eigi mál til rannsóknar eða hafna tilkynningu.

Misferlisteymið getur hafnað tilkynningu ef:

- Hin tilkynnta háttsemi telst ekki vera misferli eða ámælisverð háttsemi samkvæmt skilgreiningu verklagsreglunnar.
- Tilkynning hefur ekki verið gerð í góðri trú.
- Fyrirliggjandi upplýsingar eru ófullnægjandi.
- Þegar hefur verið leyst úr umræddu atviki.

Misferlisteymið skal leitast við að koma tilkynningum um háttsemi sem telst ekki vera misferli eða ámælisverð háttsemi samkvæmt skilgreiningu verklagsreglunnar í réttan farveg innan fyrirtækisins.

Allar tilkynningar skulu flokkaðar í samræmi við þá flokka sem skilgreindir eru í boðleið fyrir misferlistilkynningar.

5.5 Þagnarskylda

Móttakendur tilkynninga eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningu. Þagnarskyldan varðar bæði þann sem tilkynnir um brot og þann sem tilkynningin varðar og tekur til upplýsinga sem rekja má beint eða óbeint til þeirra beggja.

Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum og utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til eftirlitsstjórnvalda og lögreglu.

Varði tilkynning meint brot starfsmanns kemur þagnarskylda ekki í veg fyrir að æðstu stjórnendur fái í kjölfar rannsóknar máls upplýsingar um þann starfsmann ef talin er þörf á að fylgja rannsókn eftir með frekari aðgerðum og rökstuddur grunur er um brot eða brotavilja.

5.6 Rannsókn máls

Misferlisteymi innri endurskoðunar skal leiða innanhúsrannsóknir ef grunur vaknar um misferli eða ámælisverða háttsemi og taka ákvörðun um hvort nauðsynlegt er að draga aðra aðila að borðinu til að unnt sé að framkvæma fullnægjandi rannsókn. Misferlisteymið skal tryggja að allra nauðsynlegra gagna og upplýsinga sé aflað.

Við rannsókn máls skal fylgja eftirfarandi:

- Enginn í misferlisteyminu eða annar þátttakandi í rannsókn misferlismáls skal reyna að bera kennsl á uppljóstrara sem kosið hefur að senda inn nafnlausa tilkynningu.
- Mál skal ekki rannsakað af neinum sem gæti verið þátttakandi í misferlismáli eða tengst umræddu máli með einhverjum hætti.

² Hjá VÍS er nú í notkun lausnin WhistleB: <http://report.whistleb.com/is/vis>

- Ef tilkynning varðar aðila í misferlisteyminu skal umræddur aðili útilokaður frá rannsókn málsins og lokað á aðgang að gögnum málsins.
- Tilkynna skal forstjóra félagsins þegar misferlisteymið hefur flokkað tilkynnta háttsemi sem misferlismál nema sérstakar ástæður leiði til annars s.s. að tilkynning um misferli varði störf forstjóra.
- Ef tilkynning varðar forstjóra félagsins eða stjórnarmann skal tilkynna stjórnarformanni félagsins um málið.
- Ef málið varðar stjórnarformann félagsins skal tilkynna öðrum stjórnarmönnum um málið.
- Upplýsa skal þann aðila sem ásökun beinist að ef hægt er að gera það án þess að stefna rannsóknarhagsmunum í hættu.
- Þegar rannsókn leiðir í ljós að um misferli sé að ræða skal misferlisteymið taka ákvörðun um hvort senda eigi málið áfram til lögreglu eða eftirlitsstjórnvalda.
- Ávallt skal gæta þess að vinnsla og meðferð persónuupplýsinga uppfylli skilyrði persónuverndarlöggjafar.

Misferlisteymið skal senda uppljóstrara upplýsingar um niðurstöður eða stöðu máls innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar.

5.7 Máli lokið

Þegar rannsókn er lokið eða máli lýkur af öðrum ástæðum, s.s. vegna þess að misferlisteymið telji ekki um misferlismál að ræða, skal málinu lokað. Ef notað er sérstakt kerfi fyrir boðleið fyrir uppljóstrara skal gögnum eytt úr því kerfi þegar máli hefur verið lokið. Áður skal tryggja að málgögn sem VÍS er skylt að geyma eða heimilt að geyma séu vistuð tryggilega. Þess skal ávallt gætt að varðveita ekki viðkvæmar persónuupplýsingar með gögnum að óþörfu. Varðveisla málgagna og eyðing þeirra skal fylgja geymslu- og grisjunaráætlun VÍS.

5.8 Vernd uppljóstrara

5.8.1 Vernd ytri aðila

Tryggt skal að boðleiðir fyrir ytri aðila tryggi varðveislu auðkennis þeirra og þeirra gagna sem þeir senda félaginu. Móttakendur tilkynninga skulu ekki upplýsa um auðkenni ytri aðila nema með afdráttarlausu samþykki þeirra³, nema löggjöf kveði á um annað eða samkvæmt úrskurði dómstóla.

5.8.2 Vernd starfsmanna⁴

Miðlun starfsmanna á upplýsingum og/eða gögnum í samræmi við verklagsreglu þessa og skilyrði laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti.

Óheimilt er að láta starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum í samræmi við verklagsreglu þessa og skilyrði laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara sæta óréttlátri meðferð. Til slíkrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Séu leiddar líkur að slíku skal VÍS sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að upplýsingum eða gögnum hafi verið miðlað. Takist sú sönnun ekki skal VÍS greiða viðkomandi bætur fyrir það tjón sem leitt hefur af hinni óréttlátu meðferð, bæði fjártjón og miska.

5.9 Ytri uppljóstrun starfsmanna⁵

Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum um hugsanlegt misferli eftir viðurkenndum boðleiðum innan VÍS án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða, er heimilt í góðri trú að miðla

³ 4. mgr. 2. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

⁴ 4. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

⁵ 3. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu. Slík miðlun telst einnig heimil í algjörum undantekningartilvikum þegar miðlun innan VÍS kemur af gildum ástæðum ekki til greina. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra verði að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila.

6 Fræðsla

Verklagsreglur þessar og leiðbeiningar um hvernig skal skrá tilkynningar um meint misferli skulu vera vel kynntar starfsmönnum. Halda skal reglubundnar kynningar á ferli misferlistilkynninga fyrir alla starfsmenn og skulu þeir sýna fram á þekkingu á ferlinu.

7 Eftirlit

7.1 Eftirlitsaðgerðir

Eftirfarandi eftirlitsaðgerðir skulu vera framkvæmdar:

Ábyrgðaraðili	Tilgangur eftirlitsaðgerðar:	Eftirlitsaðgerð	Tíðni aðgerðar
Gæðastjóri	Tryggja að varðveisla gagna sé í samræmi við verklagsregluna.	<ul style="list-style-type: none"> Ganga úr skugga um að gögn séu vistuð á réttum stöðum og ekki varðveitt lengur en nauðsynlegt er. 	Hálfsárslega
Regluvörður	Tryggja fullnægjandi vitneskju starfsmanna um hvernig á að bera sig að við tilkynningu á meintu misferli.	<ul style="list-style-type: none"> Ganga úr skugga um að allir starfsmenn hafi fengið fræðslu um efni verklagsreglunnar. 	Árlega

8 Réttarheimildir

Lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara (gildistaka 1. janúar 2021)

Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

9 Tengd skjöl

- ST Stefna um innra eftirlit
- VR Geymslu- og grisjunaráætlun

10 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	8.7.2020	Regluvörður	<ul style="list-style-type: none"> Sett ný verklagsregla.